

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. október 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði.**

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði, á þingskjali 13.

Ýmis atriði í tillögunni eru mjög í takt við tillögur Félags atvinnurekenda til eflingar minni og meðalstórra fyrirtækja, sem settar hafa verið fram undir merkjum Falda aflsins. (Sjá tillögurnar í heild á vef FA, [www.atvinnurekendur.is/UmFA/BarattumalFAAideiglunni/Faldaaflid12tillogurFA/](http://www.atvinnurekendur.is/UmFA/BarattumalFAAideiglunni/Faldaaflid12tillogurFA/))

FA tekur undir þá tillögu að ráðherra verði falið að undirbúa og flytja lagafrumvarp sem kveði á um auknar heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum, enda myndi slík breyting hvetja til fjárfestingar í minni og meðalstórum fyrirtækjum. Eftirspurn lífeyrissjóða gæfi minni fyrirtækjum tækifæri á að fjármagna sig á hagkvæmari hátt og myndi að auki skapa samkeppni við banka og minnka vaxtaálag þeirra.

Önnur tillaga FA hefur verið sú að skapa hvata til uppbyggingar sjóða sem myndu fjárfesta annars vegar í hlutafé og hins vegar í skuldabréfum, gefnum út af minni fyrirtækjum.

FA hefur lagt áherzlu á að gera yrði eðlilegar kröfur til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum. Í tilvikum sjóða em fjárfesta myndu í hlutafé eða skuldabréfum minni fyrirtækja væru þannig gerðar kröfur um upplýsingagjöf og aðra þætti þótt þær yrðu vægari en kröfur til skráðra verðbréfa eða sjóða.


Félagið tekur ennfremur undir þá tillögu að ráðherra verði falið að undirbúa og flytja frumvarp um skattaívilnun til handa einstaklingum og sjóðum sem fjárfesta í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Svipaða tillögu er að finna í 2. hluta tillagna FA undir merkjum Falda aflsins. Félagið hefur bent á að fyrirtækin þyrftu að uppfylla skilyrði sett af ríkisskattstjóra, til dæmis um engin vanskil, jákvætt eigið fé og birtingu endurskóðaðs ársreiknings. Lágmarkseignarhaldstími ætti að vera til dæmis fimm ár. Skoða þyrfti með hvaða hætti væri hægt að útfæra skattaafslátt gagnvart lögaðilum.

Loks er FA sammála þeirri tillögu að ráðherra verði falið að undirbúa og flytja frumvarp til laga um lækkun tryggingagjalds. Þetta er eitt stærsta hagsmunamál minni og meðalstórra fyrirtækja, ekki sízt verzlunar- og þjónustufyrirtækja þar sem launakostnaður vegur þungt í rekstri. (Sjá 4. hluta í tillögum FA undir merkjum Falda aflsins.)

FA hefur bent á að ef tryggingagjald lækki um eitt prósentustig, muni kostnaður atvinnurekenda lækka umtalsvert, sem myndi til dæmis nægja til að ráða um 1.700 nýja starfsmenn til starfa miðað við meðalárstekjur. Tekjulækkun ríkisins vegna lækkunar tryggingagjalds myndi því að hluta til skila sér strax til baka vegna tekjuskatta og sökum þess að ríkið sem launagreiðandi myndi greiða lægra tryggingagjald. Til lengri tíma væri fjárfesting aukin, einkaneyzla færi vaxandi og fyrirtæki myndu greiða skuldir sínar hraðar niður.

Félag atvinnurekenda mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar en áskilur sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
Félag atvinnurekenda

  
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA